

## Samstarf við foreldra og upplýsingamiðlun til þeirra

Foreldrar eru afar mikilvægur hlekkur í skólastarfinu. Í okkar augum er góð samvinna á milli foreldra og starfsmanna skólans forsenda góðrar framvindu í skólastarfinu. Viðhorf foreldra eru mikils metin og í viðhorfakönnun Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur meðal foreldra kemur fram mikil ánægja með skólastarfið eins og sjá má á heimasíðu skólans ...

<http://tjarnarskolism.smartwebber.is/skrar/file/skjol/tjarnarskoli-vidhorfskonnun-2012.pdf>



### Haustfundir með foreldrum

Við upphaf skólastarfsins höldum við fundi með foreldrum . Á þeim fundum er farið yfir ýmis hagnýt atriði, nýir foreldrar fá upplýsingar um Tjarnarskólabraginn, matarmál eru ávallt á döfinni og á þessum fundum tilnefna foreldrar fulltrúa í stjórn foreldrafélagsins. Skólastjóri kallar síðan saman stjórn foreldrafélagsins þar sem hópurinn skiptir með sér verkum. Á hverju hausti kjósa foreldrar einnig fulltrúa í skólaráð Tjarnarskóla.

Árlegur viðburður af hálfu foreldrafélagsins er jólaföndur í lok nóvember. Þá hittast fjölskyldur Tjarnskælinga síðdegis og njóta samverunnar með jólaívaði. Þá nýta 10. bekkingar gjarnan tækifærið og bjóða upp á veitingar á vægu verði en afrakstur rennur í ferðasjóð nemenda.

Foreldrafélagið hefur einnig staðið fyrir leikhúsferðum og komið með ýmsar góðar ábendingar í skólastarfiinu. Tvo síðast liðna vetur hefur einnig skapast sú venja að foreldrar koma sem gestafyrirlesarar og segja frá starfsvettvangi sínum eða áhugamálum. Þessir viðburðir hafa verið nefndir pabba- eða mömmudagar í skólanum. Foreldrar koma gjarnan með góðar ábendingar/tillögur í þá veru að krydda skólastarfið. Nemendur hafa einnig leitað til foreldra fyrir árshátið skólans. Þá er óskað eftir liðsinni við að finna gjafir og viðurkenningar til þess að afhenda við þetta hátíðlega tækifæri. Foreldrar hafa lagt gott lið í þessum efnum.